

Ár 2012, fimmtudaginn 1. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Blindrabókasafn Íslands er ríkisstofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1982. Heyrir því undir kjararáð að ákveða laun framkvæmdastjóra Blindrabókasafns Íslands.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 26. júní 2011 frá forstöðumanni Blindrabókasafns Íslands þar sem þess er óskað að kjararáð endurskoði launakjör forstöðumannsins vegna mikilla breytinga á starfsemi safnsins, aukins álags og viðbótarmenntunar. Frá árinu 2007 hafi virkum lánþegum safnsins fjölgað úr 1600 í 5100. Á árinu 2007 hafi allt efni safnsins verið á snældum en það sé nú allt á rafrænu formi. Þrátt fyrir mikla fjölgun lánþega hafi fjárheimildir til safnsins ekki aukist, heldur dregist saman eins og hjá öðrum opinberum stofnunum. Með mikilli hagræðingu hafi safnið þó verið rekið án halla og hafi Blindrabókasafnið verið valið ein af fyrimyndarstofnunum ársins 2011 eftir síðustu könnun SFR – stéttarfélags í almannajónustu og VR. Þá hafi forstöðumaðurinn lokið diplomanámi í opinberri stjórnsýslu.

Með bréfum dagsettum 29. ágúst 2011 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis framkvæmdastjórans, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 9. september 2011. Í bréfinu sagði að fjármálaráðuneytinu væri ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Blindrabókasafns Íslands hefði breyst eða aukist frá því kjararáð úrskurðaði síðast um laun forstöðumannsins að öðru leyti en því sem fram kemur í bréfi hans, eða hvort og þá hvernig kjararáð taki tillit til aukinnar menntunar forstöðumanna á starfstíma þeirra. Í svari mennta- og menningarmálaráðuneytisins dagsettu 13. september 2011 er það staðfest sem fram kemur í bréfi forstöðumannsins um breytingar á umfangi starfsemi safnsins á undanförunum árum. Í bréfinu kemur fram að á Blindrabókasafni Íslands séu 6,8 ársstörf, en heildarrekstrarkostnaður safnsins samkvæmt fjárlögum ársins 2011 hafi verið 84,3 milljónir króna, þar af áætlaðar sértekjur um sjö milljónir króna. Til samanburðar er tiltekið að á Náttúruminjasafni Íslands starfi einn starfsmaður auk forstöðumanns og heildarfjárveitingar til safnsins á fjárlögum ársins 2011 hafi verið 21 milljón króna, en laun hans séu hærri en laun forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafi á starfsemi Blindrabókasafnsins og samanburðar milli launakjara forstöðumanna áðurgreindra safna taki ráðuneytið undir óskir forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands um endurskoðun launakjara.

Með bréfi dagsettu 12. október 2011 fékk forstöðumaðurinn send svör ráðuneytanna til kynningar. Jafnframt var óskað eftir nánari upplýsingum um þær breytingar á umfangi starfsins sem vísað er til í áðurnefndum bréfum. Í bréfi forstöðumannsins dagsettu 27. október 2011 er gerð frekari grein fyrir breytingum á starfsemi stofnunarinnar frá árinu 2007. Með rafvæðingu safnsins hafi verið unnt að taka upp nútímalegri og hagkvæmari dreifingaraðferðir en áður. Þetta hafi verið gert með átaki sem staðið hafi hátt í þrjú ár. Bókasafns- og dreifingarkerfi safnsins hafi verið endurnýjuð og nútímavædd, þ.e. þau kerfi

sem haldi utan um útlán og dreifingu. Í kjölfarið hafi þjónustan stórbatnað; lánþegar geti nálgast efni með einföldum hætti og þurfi aldrei að vera á biðlista eftir efni. Þetta sé mikilvægt því margir lánþegar safnsins séu einangraðir vegna blindu og sjónskerðingar. Þá hafi fjölgun virkra lánþega frá árinu 2007 farið úr 1600 í 5400. Þessa fjölgun megi að mestu rekja til þess að lögð hafi verið mikil áhersla á að kynna lesblindum nemendum þjónustu safnsins. Framhaldsnemar sem glími við lesblindu fái allt sitt námsefni á safninu og hjálpi það verulega við námið. Meði ætla að með aukinni aðstoð muni þessi hópur hafa aukna möguleika á langskólanámi. Samstarf við blindrabókasöfn annarra Norðurlanda hafi verið eflt til muna og hafi lánþegar Blindrabókasafns Íslands nú aðgang að öllum hljóðbókakosti á söfnum á Norðurlöndum. Að auki hafi þessi söfn tekið sig saman og keypt eitt þúsund hljóðbækur frá Bretlandi sem til séu á öllum söfnunum og stefnt sé að fjölgun bóka þessarar tegundar. Þannig hafi safnið aukið framboð sitt gríðarlega á undanförunum árum og nú sé unnið að því að auka þjónustu við önnur skólastig. Safnið þjóni t.d. háskólanemum í auknum mæli með alþjóðlegum hljóðbókaaðgangi. Að endingu er þess getið að safnið hafi fengið nokkrar viðurkenningar vegna þessa, meðal annars tilnefningu til Hvatningarverðlauna Öryrkjabandalags Íslands árið 2010. Nýlega hafi safnið fengið tilkynningu um viðurkenningu vegna nýsköpunarstarfs.

III.

Samkvæmt lögum nr. 35/1982, með síðari breytingum, um Blindrabókasafn Íslands er hlutverk safnsins að sjá blindum, sjónskertum og öðrum þeim, sem geta ekki fært sér venjulegt prentað letur í nyt, fyrir alhliða bókasafnsþjónustu. Safnið skal miðla skáldverkum, fræðiritum og öðru efni, þar á meðal námsgögnum, til blindra og til þeirra sem eiga við lestrarörðugleika að etja. Blindrabókasafnið skal fylgjast með nýjungum á sínu sviði og kynna þær. Það skal hafa samstarf við aðila sem standa að skipulagningu bókasafnsmála, þá sem vinna að framleiðslu og dreifingu námsefnis og þá sem starfa að málefnum blindra og skjónskertra og annarra hópa fatlaðra sem njóta þjónustu safnsins. Stjórn safnsins, sem skipuð er til fjögurra ára í senn, gerir framkvæmdaáætlanir og endurskoðar þær reglulega. Hún staðfestir fjárhagsáætlanir og ber ábyrgð á heildarstarfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar. Ráðherra skipar forstöðumann Blindrabókasafns Íslands til fimm ára að fenginni umsögn stjórnar safnsins. Forstöðumaðurinn annast yfirstjórn safnsins, er í fyrirsvari fyrir safnið út á við, ber ábyrgð á rekstri þess og stjórnar daglegum rekstri. Jafnframt annast hann ráðningar annarra starfsmanna.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Þegar litið er til þeirra breytinga sem orðið hafa á umfangi starfs forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands, og tekið mið af launakjörum forstöðumanna hliðstæðra stofnana,

svo sem Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, telur kjararáð rétt að laun forstöðumannsins verði eins og segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá 1. júlí til 30. september 2011 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands vera samkvæmt þágildandi launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 128, krónur 566.896. Að auki skal greiða honum 2 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Á sama tímabili er eining 1% af launaflokk 502-126, krónur 5.306.

Frá 1. október 2011 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 129, krónur 585.992 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 606.502 frá 1. mars 2012. Frá sama tíma skal að auki greiða honum 5 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Frá 1. október 2011 er eining 1% af launaflokk 502-132, krónur 6.473 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumannsins gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson